

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/64/58

frá 10. febrúar 2011

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu

(tilkynnt með númeri C(2011) 701)

(2011/93/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, einkum annarri setningu annarrar undirgreinar 4. mgr. 6. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽³⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tiltekna reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Í kjölfar orðsendingar frá Danmörku ætti að fella skoðunarmiðstöð 2 á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Hirtshals brott af skránni yfir færslur fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Þar að auki ætti að

fella þá flokka afurða úr dýraríkinu, sem eins og sakir standa er unnt að skoða á skoðunarstöðinni á landamærunum á Billund-flugvelli, brott af skránni yfir færslur fyrir þá skoðunarstöð á landamærum.

- 3) Í kjölfar fullnægjandi skoðunar skoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, ætti að bæta viðbótar-skoðunarstöð á landamærum í Kalundborg í Danmörku við færslurnar fyrir það aðildarríki í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 4) Í kjölfar orðsendingar frá Þýskalandi ætti skoðunarmiðstöðin „Altenwerder Kirchtal“ að koma í stað skoðunarmiðstöðvarinnar „Frigo Altenwerder“ á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Hamborg, ásamt viðbótarflokki fyrir afurðir úr dýraríkinu sem unnt er að skoða í þeirri skoðunarmiðstöð. Þessari nýju skoðunarmiðstöð ætti að bæta við færslurnar fyrir þá skoðunarstöð á landamærum í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 5) Í kjölfar orðsendingar frá Grikklandi ætti að fella samþykkið fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum á járnbrautarstöðinni í Neos Kafkassos brott úr skránni í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Þar að auki ætti að fella tiltekna flokka lifandi dýra, sem eins og sakir standa er unnt að skoða á skoðunarstöðinni á landamærunum við veginn í Neos Kafkassos, brott af skránni yfir færslur fyrir þá skoðunarstöð á landamærum.
- 6) Spánn hefur tilkynnt að bætt hafi verið við viðbótar-skoðunarmiðstöð á skoðunarstöðinni á landamærunum á flugvellingum í Barcelona. Í kjölfar þeirrar tilkynningar ber að breyta skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir það aðildarríki.
- 7) Frakkland hefur tilkynnt að fella eigi samþykkið fyrir skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Boulogne brott úr skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum þess aðildarríkis.
- 8) Í kjölfar orðsendingar frá Lettlandi ætti að fella úr gildi núverandi tímabundna niðurfellingu á samþykki fyrir einni skoðunarmiðstöð á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Riga (Riga Port). Því ber að breyta færslunni fyrir þá skoðunarstöð á landamærum til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 37, 11.2.2011, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

- 9) Í kjölfar orðsendingar frá Bretlandi ætti að fella tiltekna flokka afurða úr dýraríkinu, sem eins og sakir standa er unnt að skoða á skoðunarstöðvunum á landamærunum á alþjóðaflugvællinum í Belfast (Belfast International Airport) og á Nottingham East Midlands-flugvælli, brott af skránni yfir færslur fyrir þær skoðunarstöðvar á landamærum í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Þar að auki ætti að fella færsluna fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við flugvöllinn í Manston brott úr skránni yfir færslur í þeim viðauka sem varða það aðildarríki.
- 10) Í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er mælt fyrir um skrá yfir miðlæggar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu.
- 11) Í kjölfar orðsendinga frá Belgíu, Þýskalandi, Írlandi, Ítalíu og Portúgal ætti að gera tiltekna breytingar á skránni yfir miðlæggar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-kerfinu að því er varðar þessi aðildarríki, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 12) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þeim hluta sem varðar Danmörku er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir höfnina í Hirtshals komi eftirfarandi:

„Hirtshals	DK HIR 1	P		HC-T(FR)(1)(2) ⁶	
------------	----------	---	--	-----------------------------	--

ii. Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Billund komi eftirfarandi:

„Billund	DK BLL 4	A			U, E, O ⁶
----------	----------	---	--	--	----------------------

iii. Eftirfarandi færsla fyrir nýja skoðunarstöð á landamærum við höfnina í Kalundborg bætist við:

„Kalundborg	DK KAL 1	P		NHC-NT(6) ⁶	
-------------	----------	---	--	------------------------	--

b) Í þeim hluta sem varðar Þýskaland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Hamburg Hafen (höfnina í Hamburg):

„Hamburg Hafen	DE HAM 1	P	Burchardkai	HC, NHC-NT, NHC-T(FR)	
			Altenwerder Kirchtal	HC, NHC-NT, NHC-T(FR)	
			Reiherdamm	HC, NHC-T(FR), NHC-NT ⁶	

c) Þeim hluta sem varðar Grikkland er breytt sem hér segir:

i. Færslan fyrir járnbrautarstöðina í Neos Kafkassos falli brott.

ii. Í stað færslunnar fyrir Neos Kafkassos-veg komi eftirfarandi:

„Neos Kafkassos	GR NKF 3	R		HC, NHC-NT ⁶	
-----------------	----------	---	--	-------------------------	--

d) Í þeim hluta sem varðar Spán komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir Barcelona-flugvöll:

„Barcelona	ES BCN 4	A	Iberia	HC(2), NHC-T(CH)(2), NHC-NT(2)	O
			Flightcare	HC(2), NHC(2)	O
			WFS	HC(2) ⁶	

e) Í þeim hluta sem varðar Frakkland falli brott færslan fyrir höfnina í Boulogne.

f) Í þeim hluta sem varðar Lettland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Riga (Riga Port):

„Riga (Riga port)	LV RIX 1a	P		HC(2), NHC(2)	
			Kravu termináls	HC-T(FR)(2), HC-NT(2) ⁶	

g) Þeim hluta sem varðar Bretland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar sem varðar skoðunarstöðina á landamærunum á alþjóðaflugvöllum í Belfast komi eftirfarandi:

„Belfast	GB BEL 4	A		NHC-NT(2), NHC-T(CH)(2)“	
----------	----------	---	--	--------------------------	--

ii. Færslan fyrir skoðunarstöðina á landamærunum við flugvöllinn í Manston falli brott.

iii. Í stað færslunnar fyrir skoðunarstöðina á landamærunum á Nottingham East Midlands-flugvöllum komi eftirfarandi:

„East Midlands	GB EMA 4	A		HC-T(CH)(1)(2), HC-NT(1)(2), NHC-NT(2)“	
----------------	----------	---	--	---	--

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Þeim hluta sem varðar Belgíu er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „BE200001 REGIO VLAANDEREN/RÉGION FLAMANDE“ komi eftirfarandi:

„BE20001 REGIO VLAANDEREN/RÉGION FLAMANDE“

ii. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „BE200002 REGIO BRUSSEL/RÉGION BRUXELLES“ komi eftirfarandi:

„BE20002 REGIO BRUSSEL/RÉGION BRUXELLES“

iii. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „BE200003 RÉGION WALLONNE/REGIO WALLONIË“ komi eftirfarandi:

„BE20003 RÉGION WALLONNE/REGIO WALLONIË“

b) Þeim hluta sem varðar Þýskaland er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE03809 BAD NEUSTADT“ komi eftirfarandi:

„DE03809 RHÖN-GRABFELD“

ii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE12509 HÖCHSTADT“ komi eftirfarandi:

„DE12509 ERLANGEN-HÖCHSTADT“

iii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE18609 HASSFURT“ komi eftirfarandi:

„DE18609 HASSBERGE“

iv. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE21809 KARLSTADT“ komi eftirfarandi:

„DE21809 MAIN-SPESSART“

v. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE23609 LANDSBERG A.D. LECH“ komi eftirfarandi:

„DE23609 LANDSBERG AM LECH“

vi. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE24109 LAUF A.D. PREGNITZ“ komi eftirfarandi:

„DE24109 NÜRNBERGER LAND“

- vii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE29309 NEUBURG A.D. DONAU“ komi eftirfarandi:
- „DE29309 NEUBURG-SCHROBENHAUSEN“
- viii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE30009 NEUSTADT A.D. AISCH“ komi eftirfarandi:
- „DE30009 NEUSTADT A.D. AISCH – BAD WINDSHEIM“
- ix. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE33809 PFARRKIRCHEN ROTTAL/INN“ komi eftirfarandi:
- „DE33809 ROTTAL/INN“
- x. Í stað færslunnar fyrir staðareiningarnar „DE45209 WEILHEIM I. OB“ og „DE45509 WEISSENBURG“ komi eftirfarandi:
- „DE45209 WEILHEIM-SCHONGAU,
DE45509 WEISSENBURG-GUNZENHAUSEN“
- xi. Eftirfarandi færsla fyrir staðareiningu bætist við færslurnar fyrir svæðisbundnu eininguna DE00009 BAYERN:
- „DE23209 KRONACH“
- xii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE09515 DESSAU-ROSSLAU, STADT“ komi eftirfarandi:
- „DE09515 DESSAU-ROßLAU, STADT“
- xiii. Í stað færslunnar fyrir staðareininguna „DE39115 SALZLAND“ komi eftirfarandi:
- „DE39115 SALZLANDKREIS“
- c) Í þeim hluta sem varðar Írland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir staðareininguna „IE12100 TIPPERARY SOUTH“:
- „IE12100 TIPPERARY“
- d) Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:
- i. Í stað færslunnar fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00018 CALABRIA“ og fyrir staðareiningarnar innan þeirrar svæðisbundnu einingar komi eftirfarandi:
- „IT00018 CALABRIA**
- | | | | |
|---------|-------------------|---------|-------------------------|
| IT00718 | A.S.P. CATANZARO, | IT01118 | A.S.P. REGGIO CALABRIA, |
| IT00418 | A.S.P. COSENZA, | IT00818 | A.S.P. VIBO VALENTIA“ |
| IT00518 | A.S.P. CROTONE, | | |
- ii. Eftirfarandi færslur fyrir svæðisbundnu eininguna „IT00003 LOMBARDIA“ falli brott:
- | | | | |
|----------|--------------|----------|------------|
| „IT01403 | CHIARI“ | „IT02203 | OSTIGLIA“ |
| „IT00203 | GALLARATE“ | „IT01703 | SALÒ“ |
| „IT03403 | LEGNANO“ | „IT01303 | TREVIGLIO“ |
| „IT01903 | LENO“ | „IT02003 | VIADANA“ |
| „IT04003 | MONTICHIARI“ | | |
- e) Í þeim hluta sem varðar Portúgal komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir staðareininguna „PT05300 LOURES“:
- „PT05300 LISBOA“